

HANDBÓK

Akureyri Open

í boði

Vefsmárin.is

Háskólavellinum og Hömrum Akureyri
3. - 5.Júní 2022



Velkomin á Akureyri Open 2022

Frisbígolffélag Akureyrar býður keppendur velkomna á Akureyri Open 2022 í boði Vefsmárinn.is. Akureyri Open er fyrra gullmótið af tveim sem FGA heldur þetta sumarið. Akureyri Open er einnig annað í röðinni í Gullmótaröð ÍFS og gildir til stiga þar.

Mótið fer fram á Háskólavellinum og Hörmum. Þetta er í fyrsta sinn sem haldið er stórmót á Háskólavellinum og jafnframt í fyrsta sinn sem FGA heldur mót á tveim völlum. Til að gera Háskólavöllinn að keppnishæfum velli hefur verið bætt við ob línum á nokkrum holum. Vallarnefnd FGA hefur séð um hönnun og uppsetningu á þeim.

Við í FGA erum virkilega stolt af þessum tveim völlum og hlökkum mikið til að taka á móti ykkur um helgina. Þess má geta að þetta verður í fyrsta sinn sem haldið er mót á Íslandi á tveim varanlegum 18 holu völlum.

Fyrirkomulag

Spilaðir verða þrír hringir, einn á dag frá föstudegi til sunnudags. Hópar verða ræstir út á fyrstu braut með 10 mínútna millibilli.

Mótið skiptist milli valla sem hér segir

Föstudagur: Háskólavöllur

Laugardagur: Hamrar

Sunnudagur: Hamrar

Alla helgina verður ræst út eftir flokkum eins og kostur er. Á föstudegi verður ræst út blandað eftir flokkum og á laugardag og sunnudag eftir skori.

Áætlaður tími á verðlaunaafhendingu á sunnudaginn er kl 16. Vonumst til að sjá sem flesta þar!


Háskólavöllurinn

Upplýsingarnar á brautarmyndum gefa grófa mynd af legu vallar og vallarmerkinga. Ef munur er á merkingum á vellinum og myndum gilda merkingar á vellinum sjálfum.



Braut 1

85 m
Par 3




- Vallarmörk vinstra megin brautar markast með hvítum staurum, línan er óendanleg í báðar áttir.
- Vallarmörk hægra megin markast við malarveg, vegurinn sjálfur er utan brautar.



Braut 2

80 m

Par 3



- Vallarmörk vinstra megin brautar markast við hvíta staura. Þaðan liggja þau svo í hornið á girðingunni og markast áfram við girðinguna


- Vallarmörk hægra megin markast við malarveg, vegurinn sjálfur er utan brautar.



Braut 3

88 m

Par 3




- Vallarmörk aftan við körfu markast við hvíta staura.
Línan er óendanleg í báðar áttir.

- Vallarmörk hægra megin markast við girðingu.



Braut 4

100 m
Par 3




- Vallarmörk meðfram braut markast með hvítum staurum. Línan er óendanleg í eins og myndin sýnir



Braut 5

116 m
Par 3




- Vallarmörk meðfram braut markast með hvítum staurum. Línan er óendanleg í eins og myndin sýnir



Braut 6

64 m

Par 3




- Brautin spilast sem eyja. Öll köst sem lenda ekki innan sprejjaða hringsins spilast sem hazard



Braut 7

53 m

Par 3



Braut 8

59 m

Par 3



Braut 9

91 m

Par 3



Braut 10

80m

Par 3



Braut 11

79m
Par 3




- Vallarmörk markast við malbikaðan göngustíg.
Göngustígurinn sjálfur er utan vallar.



Braut 12

104m
Par 3



- Vallarmörk markast við malbikaðan göngustíg vinstra megin. Göngustígurinn sjálfur er utan vallar.

-Hægra megin brautar markast vallarmörk með hvítum staurum. Línan er óendanleg í báðar áttir



Braut 13

83m

Par 3



- Vallarmörk vinstra og hægra megin brautar markast með hvítum staurum. Línurnar eru óendanlegar í báðar áttir.



Braut 14

107m

Par 3



- Vallarmörk aftan við körfu markast með hvítum staurum. Línan er óendanleg í báðar áttir



Braut 15

69m
Par 3



Braut 16

76m
Par 3



- Vallarmörk hægra megin brautar og aftan við körfu markast með hvítum staurum. Línan er óendanleg í báðar áttir



Braut 17

97m
Par 3



Braut 18

80m
Par 3



- Vallarmörk hringinn í kringum brautina markast með hvítum staurum. Línan heldur áfram óendanlega



Frisbígolfvöllurinn Hömrum

Upplýsingarnar á brautarmyndum gefa grófa mynd af legu vallar og vallarmerkinga. Ef munur er á merkingum á vellinum og myndum gilda merkingar á vellinum sjálfum.



Braut 1

76 m

Par 3



Braut 2

165 m
Par 4



- Vallarmörk markast við skurð sem liggur hægra megin við brautina. Línan er óendanleg í báðar áttir.
- Skurður uppvið körfu er utan vallar og er merktur með staurum. Bandið milli staurana er ekki vallarmörkin heldur er hún bara til að sína hvernig staurarnir liggja. Staurarnir marka vallarmörk! Vallarmörkin liggja í hring þ.e. þar sem staurarnir enda liggja vallarmörkin frá síðasta staur og yfir í síðasta staurinn hinu megin við skurðinn. Þannig myndar línan einskonar tjörn

Braut 3

71m
Par 3



- Þreföld kvöð fyrir framan teig, markast af trjám og grein sem liggur á milli þeirra. Fallreitir er í kvöðinni milli trjáanna



Braut 4

91m
Par 3



- Vallarmörk markast við tjaldsvæði (slegið gras) og göngustíg við enda brautar, göngustígurinn sjálfur er utan vallar.



Braut 5

75m
Par 3



- Lækur sem liggur í gegnum brautina er utan vallar



Braut 6

91m
Par 3



- Vallarmörk markast við spreypjaða línu meðfram læk vinstra megin við braut
- Val um að fara á fallreit ef diskur lendir utan brautar. Fallreitir á rauðum teig



Braut 7

61m
Par 3



- Vallarmörk markast við göngustíg meðfram allri brautinni. ATH! Göngustígurinn sjálfur er utan brautar.



Braut 8

95m

Par 3




- Vallarmörk markast meðfram göngustíg eftir allri brautinni. ATH! Göngustígurinn sjálfur er innan brautar.



Braut 9

104m
Par 3




- Vallarmörk miðast við göngustíginn og slegna túnið á braut 10. Á túni er sprejjuð ör sem markar vallarmörkin á milli túns og göngustígs
- Val um að fara á fallreit ef diskur lendir utan brautar. Fallreitur á rauðum teig



Braut 10

131m

Par 3



- Vallarmörk vinstra megin merkt með spreyyi, þar sem þau mæta læknum tekur hann við og markar vallarmörkin áfram upp meðfram brautinni.

- Svæði merkt með staurum á miðri braut er utan vallar.



Braut 11

163m

Par 4



- Vallarmörk vinstra megin merkt með spreymi, þar sem þau mæta göngustígnum markast vallarmörk við hann.
- Vallarmörk hægra megin merkt með spreymi, liggja niður með allri brautinni, svo að kvöðinni og áfram upp
- Kvöð vinstra megin við stofn sem merktur er með "M" og þaðan þá grein sem er fjærst brautinni. Fallreitir fyrir kvöð merktur með spreymi í grasið. Lína fyrir kvöð merkt með hvítum spotta. Ef diskur flýgur yfir línuna ertu búinn að missa kvöðina. Annars er diskurinn utan vallarmarka.
- Lækurinn við körfuna spilast sem frísvæði

Braut 12

76m
Par 3



Braut 13

61m
Par 3



- Vallarmörk liggja meðfram teig, yfir göngustíginn og þaðan markast þau við göngustíg meðfram allri brautinni



Braut 14

115m
Par 4



- Vallarmörk markast við göngustíg sem liggur meðfram braut.

- Lækur á miðri braut spilast sem frísvæði

- Val um að fara á fallreit ef diskur lendir utan brautar.

Fallreitir á hvítum teig



Braut 15

95m
Par 3




- Tvöföld kvöð milli tveggja trjáa við teig. Fallreitir fyrir kvaðirnar er upphafsteigur



Braut 16

84m
Par 3




- Tjaldsvæði við enda brautar er utan vallar



Braut 17

149m
Par 4



- Skurður milli bláa og hvíta teigs spilast sem frísvæði.
- Önnur vallarmörk markast við trjálínu og tjaldstæði.
Kvöð vinstra megin við fyrstu öspina. Fallreitir fyrir kvöð á hvítum teig.


- Á miðri braut er grunnur moldarskurður (merktur með grænum línum á mynd, skurðurinn spilast sem frísvæði.



Braut 18

93m

Par 3



- Vallarmörk vinstra megin við braut markast með göngustígnum. ATH! Göngustígurinn sjálfur er utan brautar.

